

## SKILMÁLAR FYRIR ÚTHLUTUN STYRKS ÚR SJÓÐI FORRITARA FRAMTÍÐARINNAR

### MARKMIÐ SJÓÐSINS

#### 1. gr.

Sjóðurinn er samfélagsverkefni sem hefur það hlutverk að efla og auka áhuga á forritunarmenntun og hagnýtingu á tækni í skólum landsins. Framtíðarsýn sjóðsins er aukin fræðsla og áhugi á meðal barna og unglinga á forritun og tækni.

### SKILMÁLAR

#### 2. gr.

Samkvæmt úthlutunarreglum sjóðsins skal sá sem hlýtur styrk vera háður þeim skilmálum og skilyrðum sem stjórnin setur. Sjóðurinn greiðir að hámarki þá upphæð sem úthlutað var til styrkþega og einungis gegn framvísun reiknings frá viðurkenndum aðila sem skýrt er auðkenndur því verkefni sem sótt var um styrk fyrir.

Fullnýta skal styrkinn fyrir 1. maí ári eftir úthlutun hans, að öðrum kosti fellur hann niður.

### VERKEFNIÐ

#### 3. gr.

Styrkþegi skuldbindur sig til að nýta styrkinn til þess verkefnis sem lýst er í umsókn hans til sjóðsins og fylgigögnum hennar.

### SKÓLANÁMSKRÁ

#### 4. gr.

Verkefnið skal vera hluti af þeim verkefnum sem getið er og kemur fram í skólanámskrá styrkþega í að minnsta kosti tvö ár frá og með þeirri skólaönn sem sótt er um styrk fyrir.

### AUGLÝSINGAR / KYNNINGAR / SKÝRSLUGJÖF

#### 5. gr.

Styrkþegi skuldbindur sig til að upplýsa með formlegum hætti að hann hafi hlotið styrk til verkefnisins með fréttatilkynningu á heimasíðu skólans og/eða sveitarfélagsins og öðrum miðlum sem nýttir. Gert er ráð fyrir slíkum tilkynningum:

- Þegar styrkþegi hefur hlotið styrk úr sjóðum - að lágmarki skal koma fram að styrkur hafi hlotist frá sjóðnum til tiltekins verks fyrir tiltekna fjárhæð og frá hverjum styrkþegi njóti ráðgjafar við vinnslu og útfærslu verkefnisins.
- Við lok verkefnisins - að lágmarki skal koma á framfæri niðurstöðum verkefnisins og áhrif þess á nemendur og viðkomandi skóla.

Tilgreina skal í allri umfjöllun um verkefnið, og niðurstöðum þar um, að verkefnið hafi verið stutt af Forriturum framtíðarinnar.

Við birtingu fréttatilkynninga skal jafnóðum senda afrit til Forritara framtíðarinnar (forritarar@forritarar.is).

**ÖNNUR ATRIÐI**  
**6. gr.**

Styrkþegi samþykkir með undirritun sinni skilmálana sem styrkur til hans er háður. Styrkþegi staðfestir þar með að hafa lesið ákvæði skilmálanna og samþykkir efni þeirra að öllu leyti.

Undirskrift styrkþega

Dagsetning: \_\_\_\_\_

Menntastofnun: \_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_  
Nafn